

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps *65. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 23. janúar. 2014, kl 9:15.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Innkaupareglur.
3. Erindi frá Óla Halldórssyni f.h. Pekkingarnets Pingeyinga.
4. Bréf Gylfa Arnbjörnssonar, forseta ASÍ v/gjaldskrárhækkana.
5. Bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis v/gjaldskrárhækkana.
6. Hverfjall, deiliskipulag.
7. Skútustaðagígar, deiliskipulag.

Til kynningar:

Fundargerð Heilbrigðisnefndar NE dags. 4. des.

Fundargerð stjórnar DA sf. dags. 7. jan.

Bréf forstöðumanns Rannsóknar- og Þróunarmiðstöðvar HA.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Auður Jónsdóttir, Karl Emil Sveinsson, Friðrik K. Jakobsson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 6 og 7 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

**2. Innkaupareglur.**

Fyrir fundinum liggur tillaga að innkaupareglum fyrir Skútustaðahrepp. Með reglunum er verið að skjalfesta það ferli sem viðhaft er við kaup á vörum og þjónustu. Smávægilegar breytingar gerðar á framkomnum reglum, uppfærðar innkaupareglur lagðar fyrir næsta fund.

**3. Erindi frá Óla Halldórssyni f.h. Þekkingarnets Þingeyinga.**

Með tölvupósti er rakin tilurð „verkefnasjóðs“ sem Þekkingarnet Þingeyinga hefur haft til umráða og sem nýttur hefur verið til að fjármagna atvinnuskapandi sumarverkefni háskólanema. Verkefnin hafa verið valin af Þekkingarnetinu og framkvæmd á vegum þess. Forsenda fyrir fjármögnun verkefnanna eru að þau séu unnin af þingeyiskum háskólanemum og/eða snúist um efnivið sem er að finna í Þingeyjarsýslum. Sveitarfélagið Norðurþing hefur fram til þessa fjármagnað sjóðinn þrátt fyrir að verkefnin hafi frá upphafi verið unnin víða í héraðinu og af nemendum þingeyskra sveitarfélaga annarra en Norðurþings.

Með tölvupóstinum er óskað eftir samningi við Skútustaðahrepp um þátttöku í fjármögnun verkefnasjóðsins til þriggja ára, með sama hætti og Norðurþing hefur gert s.l. ár, þ.e. útfrá hlutfalli af framlagi Norðurþings og íbúatölu Skútustaðahrepps. M.v. íbúatölu 1. jan. 2013 myndi Skútustaðahreppur greiða kr. 131.983,- fyrir árið 2014. Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.

**4. Bréf Gylfa Arnbjörnssonar, forseta ASÍ v/gjaldskrárhækkana.**

Í bréfinu sem dagsett er 13. jan. kemur fram að forsenda þeirra kjarasamninga sem gerðir vor 21. des. s.l. sé að verðbólga verði lítil þannig að tryggja megi stöðugleika og aukinn kaupmátt. Í umræddum kjarasamningi hafi atvinnurekendur og launafólk sammælt um aðgerðir til að styðja við markmið um aukinn kaupmátt og minni verðbólgu. Eigi það að ganga eftir þurfi fyrirtæki á öllum sviðum atvinnulífsins, ríki og sveitarfélög að axla ábyrgð og sýna samstöðu með því að halda aftur af verðhækkunum. Sveitarfélög og fyrirtæki hafi mörg hver brugðist vel við kallinu en nú berist fréttir af gjaldskrárhækkunum fyrir ýmsa þjónustu sveitarfélaganna sem gangi þvert á markmið nýgerðra kjarasamninga.

Því skorar forseti ASÍ f.h. íslensks launafólks á sveitarfélögin að hækka engar gjaldskrár hvorki fyrir þjónustu eða hjá eigin fyrirtækjum. Hafi það verið gert er hvatt til þess að þær séu dregnar til baka.

Skútustaðahreppur hefur frá efnahagshruni gætt hófs við gjaldskrárhækkanir og hækkaði til að mynda einungis eina gjaldskrá árið 2009. Boðaðar hækkanir nú um 5% eru að mati sveitarstjórnar innan hófsemdarmarka, og sem dæmi hækkar hálf dags vistun á leikskóla einungis um 700 kr. á mánuði og engin hækkanir verður á fæði leik- og grunnskólabarna.

Hvort Skútustaðahreppur lendir á svörtum lista ASÍ eins og bréfið boðar láti það ekki af fyrirhuguðum gjaldskrárhækkunum verður að koma í ljós en eins og að framan er

rakið telur sveitarstjórn Skútustaðahrepps að hófs og sanngirnis sé gætt hvað þetta varðar.

**5. Bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis v/gjaldskrárhækkana.**

Bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra dags. 13. jan. er af sama meiddi og bréf ASÍ og rakið er í lið 4. Ráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar fer þess á leit að eigendur hitaveitna, dreifiveitna og flutningsfyrirtækja raforku gæti ýtrasta aðhalds og varkárni við gjaldskrárbreytingar.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur gætt aðhalds hvað hækkun á gjaldskrá heitaveitu varðar og þær hækkanir sem orðið hafa ekki haldið í við verðlagsþróun síðustu ára. Vegna framkvæmda við endurnýjun á hitaveitunni telur sveitarfélagið sér ekki fært annað að að standa við boðaða 5% hækkun á gjaldskrá.

**6. Hverfjall, deiliskipulag.**

Fyrir fundinum liggur tillaga að deiliskipulagi við Hverfjall. Tillagan var kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. laga nr. 123/2010 á almennum fundi í Reykjahlíðarskóla 10. des. s.l. Ekki komu fram neinar athugasemdir á fundinum sem gáfu tilefni til breytinga. Sveitarstjórn samþykkir tillögu að deiliskipulagi Hverfjalls og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa hana eins og 1. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010 kveður á um.

**7. Skútustaðagígar, deiliskipulag.**

Fyrir fundinum liggur tillaga að deiliskipulagi við Skútustaðagíga. Tillagan var kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. laga nr. 123/2010 á almennum fundi í Reykjahlíðarskóla 10. des. s.l. Ekki komu fram neinar athugasemdir á fundinum sem gáfu tilefni til breytinga. Sveitarstjórn samþykkir tillögu að deiliskipulagi Skútustaðagíga og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa hana eins og 1. mgr. 41. gr. laga nr. 123/2010 kveður á um.

Fleira ekki gert.  
Fundí slitið.  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Auður Jónsdóttir,  
Karl Emil Sveinsson,  
Friðrik K. Jakobsson.